

Ed.

792. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja sildarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja sildarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar sildarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenskt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.